

Borgarráð 6.6.'19: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um tilraunaverkefni með vetnisstrætó - R19060058

Fyrir nokkrum árum var hér í gangi tilraunaverkefni með vetnisstrætó. Óskað er upplýsinga um kostnað Reykjavíkur við það verkefni. Ástæða fyrir fyrirspurninni er sú að upp úr árinu 2000 var sett á laggirnar verkefni þar sem vetni átti að reyna sem eldsneyti á strætisvagna Strætó. Vetni fellur ekki til sem afgangsafurð í iðnaði hér á landi og er þá eina framleiðsluaðferðin að framleiða vetni með rafgreiningu sem er dýr aðferð. Árangurinn af verkefninu varð lítill. Vagnarnir entust aðeins í örfá ár. Sú bjartsýni sem birtist í byrjun tilraunarinnar gufaði upp. Sjá t.d. orð iðnaðarráðherra: „Það er stefna stjórnvalda að stuðla að aukinni nýtingu endurnýjanlegrar orku í umhverfisskyni. Þess vegna yrði framleiðsla og notkun vetnis, ef slíkt reynist fjárhagslega hagkvæmt, í samræmi við stefnu stjórnvalda." Og orð forsætisráðherra: „Takist þessi tilraun verða sigurlaunin mikil. Verulegur efnahagslegur ávinningur virðist þá blasa við ". Varla hefur verið minnst á vetnisvagna þar til nú þegar Strætó bs. hefur gert tilboð í slíkan vagn sem vekur furðu m.a. í ljósi sögunnar.